

Ar 1980, mánuðaginn 7. júlí, var í málínu nr. 11/1980 kveðinn upp af Yfirlasteignamatsnefnd svohljóðandi.

ú r s k u r ð u r :

Málavextir eru þeir, að með bréfi, dags. 21. mars 1980, fór skólanefnd Hlíðardalsskóla í Ölfusi þess á leit við Yfirlasteignamatsnefnd, að nefndin úrskurðaði um skyldu eigenda, safnaðar Sjöunda dags aðventista, til að svara fasteignaskatti af húseign skólans. Í bréfi þessu segir meðal annars:

1. í aðalbyggingu er heimavist stúlkna, kennslustofur, skrifstofur, eldhús og borðstofa ásamt íbúð vistarstjóra stúlkna.
2. í íþróttahúsi eru einnig kennslustofur og bókasafn.
3. í heimavistarbyggingu er vist pilta og kennslustofa ásamt íbúð fyrir vistarstjóra þeirra.
4. Vindheimar, skólastjórabústaður og kennarabústaðir eru bústaðir starfsfólks.
5. Einnig eru starfrækt 2 gróðurhús sem m.a. eru notuð í tengslum við vinnu nemenda."

Fallast ber á, að skólahúsnæði Hlíðardalsskóla njóti undanþágu frá fasteignaskatti samkvæmt 5. gr. laga nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga, sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 320/1972 um fasteignaskatt. Sú undanþága nær hins vegar ekki til húsnæðis, sem notað er til atvinnurekstrar eða til íbúðar fyrir starfsfólk, annað en húsverði, sbr. 2. mgr. 6. gr. reglugerðar um fasteignaskatt. Samkvæmt þessu er niðurstaða nefndarinnar um einstaka liði ofangreinds bréfs þessi:

Um 1. Aðalbygging nýtur undanþágu frá fasteignaskatti, að frátalinni íbúð vistarstjóra.

Um 2. Íþróttahús er undanþegið fasteignaskatti.

Um 3. Heimavistarbygging er undanbegin fasteignaskatti, að frátalinni íbúð vistarstjóra.

Um 4. Vindheimar, skólastjórabústaður og kennarabústaðir njóta ekki undanþágu frá fasteignaskatti.


Um 5. Gróðurhús eru ekki undanbegin fasteignaskatti.

Að því leyti sem ofangreint húsnæði er gjaldskyldt að hluta heyrir undir Fasteignamat ríkisins að ákveða hlutfallslega skiptingu þess í því tilliti.


Ú R S K U R D A R O R Ð :

Hlíðardalsskóli er undanþeginn fasteignaskatti svo sem hér greinir:

1. Aðalbygging er undanþegin fasteignaskatti, að frátalinni íbúð vistarstjóra.
2. Íþróttahús er undanþegið fasteignaskatti.
3. Heimavistarbygging er undanþegin fasteignaskatti, að frátalinni íbúð vistarstjóra.
4. Vindheimar, skólastjórabústaður og kennarabústaðir eru ekki undanþegnir fasteignaskatti.
5. Gróðurhús eru ekki undanþegin fasteignaskatti.



Gaukur Jörundsson.



Guðmundur Magnússon.



Pétur Stefánsson.